

Innviðaráðuneyti
b.t. Skrifstofu sveitarfélaga, stafrænna innviða og byggðamála
Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 8. ágúst 2025

Efni: Umsögn um áform um frumvarp til laga um Netöryggisstofnun Evrópu og netöryggisvottunarkerfi upplýsinga- og fjarskiptatækni, vöru, þjónustu og ferla, mál s-137/2025


Samtök iðnaðarins og Samtök upplýsingatæknifyrirtækja, starfsgreinahópur innan SI (hér eftir „SI“ og „SUT“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar áform um frumvarp til laga um Netöryggisstofnun Evrópu (ENISA) og netöryggisvottunarkerfi upplýsinga- og fjarskiptatækni vöru, þjónustu og ferla. Tilefni áforma þessara er að innleiða reglugerð Evrópusambandsins nr. 2019/881 („Cybersecurity Act“) inn í íslenskan rétt, eins og hún hefur verið aðlöguð að EES-samningnum, með hliðsjón af nýlegum breytingum samkvæmt reglugerð ESB 2025/37. Samtökin vilja leggja áherslu á það við íslensk stjórnvöld að ganga ekki lengra við þá innleiðingu en regluverk Evrópusambandsins mælir fyrir um eða gerir ráð fyrir. Dregur slíkt úr samkeppnishæfni Íslands og íslenskra fyrirtækja á alþjóðamörkuðum. Það er ekki efnahagslega ábyrgt að gera ríkari kröfur til fyrirtækja hér á landi en gengur og gerist í ríkjum Evrópusambandsins. Alþingi verður því að gera þá kröfu til ráðuneyta að frávík frá lágmarkskröfum séu rökstudd með fullnægjandi hætti að höfðu samráði við hagaðila við innleiðingu á evrópsku regluverki í íslenskan rétt.

Reglugerðin kveður skýrt á um að hið sameiginlega netöryggisvottunarkerfi, sem eitt af markmiðum lagasetningarinnar hverfist um, verði gert valkvætt fyrirtækjum. Hinsvegar bera núverandi áform um lagasetningu í sér heimild íslenskra stjórnvalda til að gera kerfið að kröfu. Því er um gullhúðun að ræða sem samtökin leggjast alfarið gegn, enda dregur hún úr samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja líkt og áður segir.

Þar sem fram kemur í mati á áhrifum lagasetningarinnar að með breytingarreglugerð Evrópusambandsins 2025/37 hafi gildissvið reglugerðarinnar verið útvíkkað og nái einnig til öryggisþjónustutaka (e. managed security services providers), vilja samtökin benda á að með breytingunum falla þá einnig nokkuð af smærri íslenskum fyrirtækjum þar undir og þarf því sérstaklega að meta efnahagsáhrif þar.

Um leið og samtökin taka heilshugar undir tilefni fyrirhugaðrar lagasetningar, leggja þau ríka áherslu á að framangreindar athugasemdir verði teknar til skoðunar áður en frumvarpið verður lagt fram.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka iðnaðarins og Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja



Erla Tinna Stefánsdóttir,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði SI